

Föstudaginn 14. okt. 1921.

Nr. 22/1921.

**Valdstjórnin**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Guðjóni Jónssyni**

(L. Fjeldsted).

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 15. desbr. 1920: Kærður Guðjón Jónsson greiði 300 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstarjettar.**

Þegar slysið bar að höndum var bifreiðin á fjölförnum gatnamótum og vegur sleipur. Mátti kærði því ekki aka þar hraðara en svo, að vagninn yrði stöðvaður þegar í stað, og bar honum að stöðva bifreiðina þá þegar, er hann varð þess var, að maður var svo nærri henni, að hætta gat verið á árekstri.

Kærði gjörði þetta eigi og má álita það sann- að, að hann hafi ekki verið svo aðgætinn og sjer- staklega ekki temprað hraðan, svo sem staðhættir og kringumstæður útheimtu og þannig gjörst brot- legur gegn 1. og 3. málsgrein 6. greinar í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða. Enn- fremur er það upplýst, að ljós var ekki tendrað aftan á vagninum þegar slysið varð, að hraðamælir var enginn á bifreiðinni, að kærði ekki gaf hljóð- bendingu sem skylt var, og loks, að kærði skýrði ekki frá nafni sínu og heimilisfangi og bauð ekki hjál- þing sín, þeim er slasaðist.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skýr- skotun til lögreglurjettardómsins ber að dæma kærða

fyrir brot gegn 3. gr., 3. b., 6. gr., 8. gr. og 9. gr. fyrnefðra laga og ákveðst refsingin 200 kr. sekt.

Þórarni Brandssyni, er fyrir slysinu varð, verða ekki dæmdar skaðabætur í þessu máli af því hjeradsdómarinn hefir af tilgreindum ástæðum synjað honum þess að fá skaðabótakröfu hans útkljáða jafnhliða refsímálinu og ekki dæmt um hana.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm, þó með áður greindri breytingu á sektarupphæðinni og sektin á að renna í ríkissjóð, þar sem málið er eingöngu höfðað fyrir brot gegn nefndum lögum um notkun bifreiða.

Kærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað þar með talið málfutningskaup til skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors þeirra.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað að öðru en því, að sektin sje 200 kr., er renni í ríkissjóð.

Kærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talið málfutningskaup til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Guðjóni bifreiðarstjóra Jónssyni, Grjótagöta nr. 10 hjer í bænnum, fyrir

brot á ákvæðum laga nr. 88. frá 14. nóvember 1917 um notkun bifreiða og eru málavextir þeir er nú skal greina:

Kærður, sem stýrði vöruflutningabifreiðinni R. E. 199, eign Sveinjóns Einarssonar frá Bráðræði hjer í bænum, var föstudaginn 26. f. m. að aka fiski fyrir h. f. „Defensor“ frá fiskihúsum fjelagsins fyrir innan bæinn niður á hafnarbakkann. Hefir hann skýrt svo frá að um kvöldið um 7 leytið hafi hann komið að innan niður Bankastræti og ekið hægt eins og venja sín sje. Þegar hann var kominn niður í brekkuna í Bankastræti neðarlega, sjer hann koma á móti sjer tvær vöruflutninga bifreiðar austur Austurstræti og fara upp í Bankastræti. Kveðst kærður hafa ekið á syðri (vinstri) hlið vegarins og hægt ferðina þegar bifreiðarnar komu á móti honum. Kveðst hann ekki geta sagt nákvæmlega hversu mikill hraði bifreiðarinnar hafi verið því hraðamælir vanti í hana, en hefir haldið því fram að hraðinn hafi ekki náð 8 km. á klukkustund. Þegar síðari bifreiðin, sem uppeftir ók, fór fram hjá honnm.

Þegar síðari bifreiðin, sem uppeftir fór, var komin á móts við kærðan kveðst hann hafa verið staddur neðst í brekkunni, móts við Lækjargötuna. Verður hann þess þá var, að maður kemur suður yfir götuna og virtist kærðum hann stefna beint á bifreið sína og vera komin fast að henni og gekk sá áfram eins og hann tæki ekki eftir bifreið kærða. Kveður kærður þá hafa komið fát á sig, sig hafa snöggbeygt bifreiðina til vinstri handar, hana runnið til á hálkunni og raket hún á manninn, er fjell niður á götuna. Kærður kveðst hafa stöðvað bifreiðina framundan húð Haraldar Árnasonar og litið við. Hann kveðst hafa vitað að bifreiðin hafi ekki farið yfir manninn og því ekki hafa álitid, að hann hafi getað meiðst mikið og heldur leiðar sinnar vestur eftir án þess að fullvissa sig um hvað manninum liði og bjóða aðstoð sína, ef með þyrfti. Kærður kveður framljós bifreiðarinnar hafa verið í ágætu standi en ekkert ljós að aftan því leiðsluna vanti og ekki kveðst hann muna til að hann gæfi hljóðmerki.

Maður sá, er fyrir bifreiðinni varð, er Þórarinn Brandsson skósmiður, 65 ára að aldri, og hefur alla æfi verið daufdumbur. Hann ætlaði af gangstjettinni neðst við Bankastræti að norðan suður yfir götuna á hornið hjá Bókaverslun Sigfúsar Fymundssonar, en fór mjög hægt, því hálka var mikil. Hann tók eftir bifreiðunum tveimur sem fóru upp Bankastræti og ætlaði að komast yfir göt-

una strax á eftir þeim, en þegar hann er kominn rúmlega yfir miðja götuna, veit hann ei,ri fyrri til en bifreið kærðs kemur ofan að á hlið við hann vinstra megin og svo nærri honum, að aurvarið á framhjólunu hægramegin rakst í hann og síðar framhornið á dekkinu. Kendi hann þá mikils sársauka í vinctri mjöðminni, hálfsvimaði og fjell á hægri hliðina. Komu þar að menn, er náðu í aðra bifreið og óku Þórarni upp á Landakotsspítala og kom það í ljós við lækni skoðun á honum að lærleggshálsinn var brotinn og telur læknirinn brotið stafa af byltunni í vottorði því, sem lagt hefur verið fram í málinu, en sjálfur heldur Þórarinn því fram, að aðalmeiðslið hafi hann hlotið við áreksturinn en ekki við byltuna, því áreksturinn hafi orðið á vinstri hliðina á sjer og þeim megin sje brotið, en hann hafi dottið á hægri hliðina.

Læknirinn telur meiðsl Þórarins bæði langvinnt og kvalafullt, á sjúkrahúsinu verði hann að dvelja ca. 10—12 vikur og óhaltur eða jafnfær til vinnu verði hann aldrei.

Þórarinn Brandsson hefur gjört þá kröfu til bifreiðarstjórans og eiganda bifreiðarinnar R. E. 199 í málinu, að þeir greiði allan þann kostnað, er leiði af legu hans á sjúkrahúsinu, og honum fullt lífsviðurværi meðan hann lifi, eftir að hann geti farið af sjúkrahúsinu, allt eftir mati rjettarins.

Það verður þó ekki hægt að taka þessa kröfu til greina í þessu máli. Eftir vottorði læknisins þarf Þórarinn að liggja ca. 10—12 vikur á sjúkrahúsinu og fyrri en hann er farinn þaðan er ekki hægt að ákvæða sjúkrahúskostnaðinn; þá er og alsendis óvíst hvað langt kann að líða þar til lækna telja sje fært að votta um það, að hve miklu leyti Þórarinn hafi misst hæfilegleika sína til að vinna fyrir sjer. Eftir þessu þykir ekki mega draga þetta mál, en geymdur skal Þórarni rjettur hans óskertur til skaðabóta, bæði gegn kærðum og eiganda bifreiðarinnar R. E. 199.

Eftir framansögðu hefur kærður gjörst brotlegur gegn ákvæðum 6., 8. og 9. greinar framangreindra laga, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið með því eftir 13. gr. laganna, hæfilega ákveðin 300 króna sekt, er renni í bæjarsjóð. Svo ber kærðum að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefur enginn óþarfur dráttur orðið.